Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 7. ágúst 1988.

Áskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Séra Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Altarisganga. Organisti Sigríður Jónsdóttir. Séra Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Prestur séra Ólafur Jens Sigurðsson. Sóknarnefndin.

Dómkirkjan: Guðsþjónusta kl. 11. Dómkórinn syngur. Organisti Marteinn Hunger Friðriksson. Séra Hjalti Guðmundsson.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 14. Séra Sighvatur Karlsson.

Fella- og Hólakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Nína Margrét Grímsdóttir. Séra Guðmundur Karl Ágústsson.

Hallgrímskirkja: Guðsþjónusta og altarisganga kl. 11. Anders Josephsson syngur einsöng. Séra Ragnar Fjalar Lárusson. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.

Landspítalinn: Guðsþjónusta kl. 10. Séra Jón Bjarman.

Háteigskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Séra Tómas Sveinsson. Kvöldbænir og fyrirbænir miðvikudag kl. 18.00.

Kópavogskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Séra Þorbergur Kristjánsson.

Langholtskirkja: Guðsþjónusta fellur niður. Sóknarnefndin.

Laugarneskirkja: Guðsþjónusta í Áskirkju kl. 11. Sóknarprestur.

Neskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Séra Ólafur Jóhannsson. Miðvikudagur. Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 18.20. Séra Ólafur Jóhannsson.

Fríkirkjan, Hafnarfirði: Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Séra Einar Eyjólfsson.

Þingvallakirkja: Guðsþjónusta á sunnudag kl. 14. Organleikari er Einar Sigurðsson. Söknarprestur.

Ytri-Njarðvíkurkirkja: Guðsþjónusta kl. 9.30 árdegis. Kór Keflavíkurkirkju syngur. Organisti Örn Falkn-Ath. breyttan messutíma. Ólafur Oddur Jónsson.

Keflavíkurkirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Örn Falkner.

Sýningar

Árbæjarsafn

Í sumar stendur yfir sýning um Reykjavík og rafmagnið. Auk þess er uppi sýning um fornleifauppgröftinn í Viðey sumarið 1987. „Gömlu" sýningarnar um m.a. gatnagerð, slökkviliðið, hafnargerð og járnbrautina eru að sjálfsögðu á sínum stað. Opið kl. 10–18 alla daga nema mánudaga. Veitingar í Dillonshúsi frá kl. 11–17.30. Sími 84412.

Ásgrímssafn,

Bergstaðastræti 74

Lokað um óákveðinn tíma.

Ásmundarsalur

v/Freyjugötu

Ungur myndsmiður, Hlynur Helgason, sýnir málverk og teikningar. Sýningin stendur til 7. ágúst. Þetta er fyrsta einkasýning Hlyns.

Gallerí Birgis Andréssonar

Vesturgötu 20, bakdyr

Í kvöld kl. 20 verður opnuð sýning á verkum þýska listamannsins Gerhards Amman. Galleríið er opið á kvöldin og eftir samkomulagi. Áður hafa sýnt í galleríinu listamennirnir Halldór Ásgeirsson, Árni Ingólfsson, Bjarni H. Þórarinsson, Kees Visser og Ragna Róbertsdóttir. Sýning Gerhards stendur út mánuðinn.

Gallerí Grjót,

Skólavörðustíg 4a

Samsýning meðlima Gallerís Grjóts. Á sýningunni eru málverk, grafík, teikningar, skúlptúrar í stein, leir, járn og stál, nytjahlutir úr leir og silfurskartgripir.

Gallerí List,

Skipholti 50

Í Gallerí List verða til sýnis og sölu í júní, júlí og ágúst verk eftir Braga Hannesson, Erlu B. Axelsdóttur, Hjördísi Frímann, Sigurð Þóri, Elías B. Halldórsson, Helgu Ármanns, Guðmund Karl, Tolla, Svein Björnsson, Ingunni Eydal o.fl., einnig rakú og keramik.

Grafík-gallerí Borg,

Austurstræti 10

Í glugga grafík-gallerísins stendur nú yfir kynning á grafíkmyndum eftir Daða Guðbjörnsson og keramikverkum eftir Borghildi Óskarsdóttur. Auk þess er til sölu úrval grafíkmynda eftir fjölda listamanna.

Pastelmyndir á Mokka

Myndlistarkonan Halldóra Emilsdóttir sýnir nú á Mokka við Skólavörðustíg. Öll verkin á sýningu hennar eru unnin með pastellitum á þessu ári.

Halldóra lauk námi frá málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands vorið 1987. Sýningin, sem er sölusýning, mun standa út ágústmánuð. Hún er opin á afgreiðslutíma kaffihússins.

Þriðja einkasýning Guðlaugs

Guðlaugur Þór Ásgeirsson opnar sýningu í vestursal Kjarvalsstaða á morgun, laugardag, kl. 14.

Hann lauk námi frá grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands vorið 1981. Hann hefur áður haldið tvær einkasýningar. Þá fyrri í Nýja Galleríinu að Laugavegi 12 árið 1982 og hina síðari í Gallerí Djúpi árið síðar. Guðlaugur Þór hefur einnig tekið þátt í nokkrum samsýningum. Til dæmis sýningunni Ungir myndlistarmenn sem haldin var að Kjarvalsstöðum árið 1983.

Flest verkanna á sýningu Guðlaugs Þórs eru olíu- og pastelmyndir sem hann hefur unnið á síðastliðnum tveim árum. Sýningin er opin daglega kl. 14–22 og mun hún standa til 21. ágúst.



Flest verkanna á sýningunni eru olíu- og pastelmyndir.



Eitt verka Rutar Rebekku á sýningunni.

Opnar sýningu

Rut Rebekka Sigurjónsdóttir opnar málverkasýningu að Kjarvalsstöðum á morgun, 6. ágúst, kl. 14. Þetta er fjórða einkasýning Rutar en hún nam myndlist í Myndlistarskólanum í Reykjavík á árunum 1975–1979 og lauk síðan málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands vorið 1982.

Fyrri einkasýningar listakonunnar voru í bókasafni Mosfellssveitar 1984, Viborg í Danmörku 1984 og að Kjarvalsstöðum 1985. Rut hefur einnig tekið þátt í samsýningum hér á landi sem og í Bandaríkjunum, Kanada og Danmörku.

Við opnun sýningarinn
Grímsdóttir píanóleikari, B
ari og Þórhildur Björnsdótti

Nína Margrét lauk einleik
anum í Reykjavík 1985. H
Council til framhaldsnáms o
prófi á þessu ári. Hún mun
prófi í píanóleik frá City U
vor.

Gallerí Borg,

Pósthússtræti 9

Í Gallerí Borg stendur yfir sýning á verkum gömlu meistaranna. Sýningin er sölusýning og stendur yfir í sumar. Skipt verður um verk reglulega.

Gallerí Gangskör

Þar stendur yfir sýning Gangskörunga á málverkum, grafík og keramiki. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 12–18.

Gallerí Langbrók,

Bókhlöðustíg 2,

textílgallerí. Opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 11–14.

Gallerí Svart á hvítu,

Laufásvegi 17

Nína Gautadóttir sýnir olíu- og akrýlmálverk, unnin á árunum 1987–88. Þetta er fimmta einkasýning Nínu hér á landi en hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga í Frakklandi og víðar. Sýningin verður opin alla daga nema mánudaga kl. 14–18 og stendur til 14. ágúst.

Katel,

Laugavegi 29

Í sumar stendur yfir sölusýning á plakötum og eftirprentunum eftir Chagall í nýjum sal sem opnaður hefur verið að Laugavegi 29 (Brynjuporti). Opið er virka daga kl. 10–18.

Kjarvalsstaðir

við Miklatún

Myndlistarfólkið Guðlaugur Þór Ásgeirsson og Rut Rebekka Sigurjónsdóttir opnar sýningar í vestursal Kjarvalsstaða á morgun kl. 14. Guðlaugur Þór sýnir olíu- og pastelmyndir sem hann hefur unnið á árunum 1986–88. Rut Rebekka sýnir olíumálverk og grafík. Sýningarnar standa til 21. ágúst og eru opnar daglega kl. 14–22. Í vesturforsal verður opnuð á sama tíma ljósmyndasýning á myndum eftir sænskan ljósmyndara, Bengt S. Eiríksson. Á sýningunni eru um 50 litmyndir af norðlægum slóðum, m.a. frá Skandinavíu og Íslandi. Í austursal Kjarvalsstaða stendur yfir sumarsýning á landslagsmyndum eftir Jóhannes S. Kjarval og stendur sú sýning líka til 21. ágúst.

Listasafn ASÍ,

Grensásvegi 16

Þar stendur yfir málverkasýningin „Fjórar kynslóðir". Sýningin, sem er sjálfstætt framlag til Listahátíðar 1988, er jafnframt sumarsýning safnsins. Á sýningunni eru um 60 málverk eftir á fjórða tug listamanna sem spanna tímabilið frá fyrsta áratug þessarar aldar fram á síðustu ár. Sýningin er opin alla virka daga kl. 16–20 og um helgar kl. 14–22. Henni lýkur 24. júlí.

Listasafn Einars Jónssonar

við Njarðargötu

er opið alla daga nema mánudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–17.

Listasafn Háskóla Íslands

Í Odda, nýja hugvísindahúsinu, er opið daglega kl. 13.30–17. Þar eru til sýnis 90 verk í eigu safnsins, aðallega eftir yngri listamenn þjóðarinnar. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands,

Fríkirkjuvegi 7

Þar stendur nú yfir sýning á verkum hins heimsþekkta listamanns Marcs Chagall. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 11–17. Sýning Marc Chagall stendur til 14. ágúst. Kaffistofan er opin á sama tíma og sýningarsalirnir.

Mokka kaffi,

Skólavörðustíg

Halldóra Emilsdóttir sýnir pastelmyndir á Mokka. Verkin eru unnin á þessu ári. Halldóra lauk námi frá málaradeild MHÍ 1987. Sýningin, sem er sölusýning, stendur út ágúst.

Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns,

Einholti 4

Opið á sunnudögum kl. 14–16.

Norræna húsið

Þar stendur yfir sumarsýning Norræna hússins. Á sýningunni eru að þessu sinni málverk eftir Jón Stefánsson og ber hún yfirskriftina „Landslag". Á sýningunni eru um það bil 40 myndir. Opið daglega kl. 14–19 til 21. ágúst. Í anddyrinu stendur yfir sýning á íslenskum steinum. Að sýningunni stendur Félag áhugamanna um steinafræði í samvinnu við Norræna húsið. Sýningin stendur fram til 22. ágúst og er opin daglega kl. 9–19 nema sunnudaga kl. 12–19. Aðgangur er ókeypis.

Nýhöfn

v/Hafnarstræti

Þar stendur yfir sumarsýning á verkum ýmissa listamanna. Verkin eru til sölu og eru afhent strax. Opið alla virka daga kl. 12–18 en lokað um helgar.

Nýlistasafnið

v/Vatnsstíg

Birgir Andrésson opnar myndlistarsýningu í efri sal í Nýlistasafninu á morgun kl. 16. Birgir sýnir þar tvo skúlptúra og nokkur myndform. Sýningu Birgis lýkur sunnudaginn 21. ágúst.

Stofnun Árna Magnússonar

Handritasýning Árna Magnússonar er í Árnagarði við Suðurgötu á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 14–16.

Póst- og símaminjasafnið,

Austurgötu 11

Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

Þjóðminjasafn Íslands

Safnið er opið alla daga vikunnar nema mánudaga frá kl. 11–16.

SÝNINGAR Á LANDSBYGGÐINNI

Listmunaskálinn í Eden,

Hveragerði

Steingrímur Sigurðsson sýnir málverk í Eden. Sýningin er tileinkuð Vestmannaeyjum og Snæfellsnesi. Þetta er 64. sýning Steingríms og sú 12. í Eden.

Þrastarlundur

Unnur Svavars sýnir 30 myndir unnar í olíu og akríl.

Þorvaldur Þorsteinsson sýnir í Ólafsfirði

Þorvaldur Þorsteinsson opnar sýningu á rúmlega tuttugu vatnslita- og tússmyndum í Gagnfræðaskóla Ólafsfjarðar nk. sunnudag, 7. ágúst, kl. 14. Þorvaldur lauk námi frá nýlistadeild MHÍ á síðasta ári og stundar nú framhaldsnám í Hollandi. Hann hefur áður haldið þrjár einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Sýningin í Ólafsfirði verður opin frá mánudegi til föstudags kl. 20–22 og um helgina kl. 14–17. Henni lýkur 14. ágúst.

Fundir

Áhrif kjarnorkustyrjalda á veðurfar

Sunnudaginn 7. ágúst verður haldinn fundur um áhrif kjarnorkustyrjalda á veðurfar. Fundurinn er í Odda, hefst kl. 15 og er öllum opinn svo lengi sem húsrúm leyfir. Á fundinum munu tveir fyrirlesarar flytja erindi um efnið, þeir Alan Robock frá Marylandháskóla og G.L. Stencikov frá reiknimiðstöð sovésku vísindaakademíunnar í Moskvu. Að fyrirlestrinum loknum verða pallborðsumræður þar sem Robock og Stenchikov munu ræða efnið við þá Henning Rodhe frá veðurfræðideild háskólans í Stokkhólmi, Arnt Eliassen, prófessor í Osló, Tómas Jóhannesson frá samtökum eðlisfræðinga gegn kjarnorkuvá og Pál Bergþórsson veðurfræðing. Allir munu þeir og svara fyrirspurnum áheyrenda eftir því sem tími vinnst til. Fyrirlestrar og umræður munu fara fram á ensku. Fundurinn er haldinn í tengslum við norrænt mót veðurfræðinga sem stendur dagana 6. til 9. ágúst nk. Nánari upplýsingar veita Hreinn Hjartarson, Magnús Jónsson, Trausti Jónsson og Unnur Ólafsdóttir, Veðurstofu Íslands, s. 686000.